

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hjólareinar

Í því skyni að bæta aðstæður til hjólreiða í Reykjavík, samþykkir borgarstjórn að við hönnun nýrra gatna og endurgerð eldri gatna, verði leitast við að leggja sérmerktar hjólareinar milli götu og gangstéttar þar sem aðstæður leyfa.

Greinargerð:

Á undanförunum áratugum hafa aðstæður hjólreiðafólks verið bættar með margvíslegum hætti í Reykjavík.

Árið 2007 samþykkti borgarstjórn að ráðast í sérstaka hjólreiðaáætlun fyrir Reykjavík. Markmið þeirrar vinnu var að móta heildarsýn og aðgerðaáætlun til framtíðar um hjólreiðar og gera þær þannig að fullgildum samgöngumáta fyrir Reykvíkinga. Í áætluninni, sem samþykkt var 2010, var m.a. stefnt að því að lengd hjólaleiða yrði tífölduð milli ára 2010-2020, hjólahraðbraut lögð milli miðborgarinnar og Laugardals og að brú yrði smíðuð yfir Elliðaárósa, eingöngu fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur. Í október 2015 var endurskoðuð áætlun fyrir árin 2015-2020 samþykkt og í júní 2021 var samþykkt ný hjólreiðaáætlun fyrir tímabilið 2021-2025. Síðast en ekki síst er fyrirhugað stórátak við lagningu nýrra stíga á höfuðborgarsvæðinu fyrir gangandi og hjólandi í tengslum við samgöngusáttmála, sem ríki og sex sveitarfélög gerðu með sér árið 2019.

Breið pólitísk samstaða hefur ætíð náðst um slíkar áætlanir borgarstjórnar í þágu hjólreiða og í samræmi við þær hafa margvíslegar umbætur verið gerðar. Umræddar hjólreiðaáætlanir endurspeglar góðan vilja til að fjölga hjólaleiðum í borginni. Samkvæmt gildandi hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2021-2025 er t.d. stefnt að sókn í uppbyggingu hjólainnviða og kveðið á um að hugað skuli að samspili hjólastíga í tengslum við aðra ferðamáta við hönnun. Þá segir að við deiliskipulag nýrra uppbyggingarsvæða skuli skipuleggja innri hjólaleiðir og tengingar við ytra hjólanetið sem tengja saman hverfi. Samkvæmt áætluninni skal þetta og bæta hjólanetið í borginni til viðbótar við þá stíga sem lagðir verða vegna samgöngusáttmála. Í áætluninni eru lögð fram metnaðarfull markmið um lagningu hjólastíga í borginni til ársins 2030.

Ljóst er að umræddar hjólreiðaáætlanir hafa skilað miklum árangri og er Reykjavík á góðri leið með að ná því markmiði gildandi áætlunar að verða hjólaborg á heimsmælikvarða. Í því sambandi skiptir máli að almennt hefur stórukið tillit verið tekið til hjólandi vegfarenda við hönnun gatnamannvirkja. Þó eru dæmi um að götur, nýjar og gamlar, séu hannaðar án þess að fullnægjandi tillit sé tekið til hjólreiðafólks. Ýmsar skýringar geta verið á slíku. Það fer því vel á að borgarstjórn hnykki á þeirri skoðun að við alla slíka gatnahönnun komi til skoðunar hvort unnt sé og æskilegt að leggja sérmerktar hjólaleið milli götu og gangstéttar. Ljóst er að ekki er alltaf unnt að koma því við, t.d. vegna þrengsla í gömlum götum. Æskilegt er þó að slíkt verði skoðað og metið hverju sinni, hvort sem um er að ræða hönnun á nýrri götu eða endurgerð eldri götu.